



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1
765 Djúpvaggi

Vegagerðin Austursvæði
Daði Gils Þorsteinsson
Búðareyri 11-13
730 Reyðarfirði

Djúpivogur, 12. febrúar 2021
MÍ202101-0114/ 6.10 / P.E.H.

Efni: Gilsá, Múlaþing - ný brú og vegaf framkvæmdir

Minjastofnun Íslands hefur móttakið tölvubréf frá deildarstjóra tæknideildar Vegagerðarinnar á Austursvæði frá 28. janúar sl. þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar varðandi brúar- og vegagerð við Gilsá á Völlum. Meðfylgjandi var hnitsetning fyrirhugaðra vegbreytinga.

Fyrirhugað er að reisa nýja brú, austanmegin við núverandi brú og tengja hana í kjölfarið við núverandi veg. Breyting á vegstæðinu nær frá Stóra-Sandfelli til Grófargerðis. Í tengslum við þessar framkvæmdir hefur Sagnabrunnur ehf. unnið fornleifaskráningu og hafa niðurstöður hennar verið birtar í skýrslu; *Fornleifaskráning á breyttu vegstæði hjá Gilsá á mótum Skriðdals og Valla, Múlaþingi* (skýrsla útgefin árið 2020). Fornleifaskráning uppfyllir skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands.

Niðurstöður skráningarinnar leiddu í ljós tvær fornleifar innan áhrifsvæðis fyrirhugaðra framkvæmda. **2532-1 Gamla brúin yfir Gilsá** og **2532-2 Gamli vegurinn að Gilsá**. Gamla brúin var byggð árið 1908. Brúin hefur ekki aðeins náð friðun sökum aldurs heldur er hún einnig einstök þar sem hún er fyrsta járnbrúin sem er að öllu leyti íslensk smíði. Gamli vegurinn liggur sitthvoru megin við gömlu Gilsárbrúna. Sunnanmegin við gömlu brúna hefur vegurinn verið upphlaðinn.

Þær minjar sem skráðar voru í tengslum við framkvæmdirnar eru ekki í beinni hættu en verið er að færa núverandi veglínu og gera nýja brú austan við bæði gömlu og núverandi brú. Þrátt fyrir það er mikilvægt að verktökum og öðrum sem koma að framkvæmdunum sé gert viðvart um minjarnar og að fullt tillit verði tekið til þeirra. Óheimilt er að raska, breyta laga eða aflaga fornminjar á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands auk þess sem þær njóta 15m friðhelgunarsvæðis. Ef breytingar verða á framkvæmdunum þurfa þau áform að berast til umsagnar hjá Minjastofnun með góðum fyrirvara. Staðsetningar efnistökusvæða eru enn í mótun en þau þurfa að berast Minjastofnun til umsagnar þegar staðsetning þeirra liggur fyrir. Minjastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir við Gilsá með þeim skilyrðum að tekið sé tillit til athugasemda stofnunarinnar hér að ofan. Rétt er að minna á að staðsetja ekki vinnuskúra eða geymslusvæði

**Þuríður Elísa
Harðardóttir**

Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

nálægt minjum auk þess að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Púriður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Daði Gils Þorsteinsson (dadi.g.thorsteinsson@vegagerdin.is)

Sveinn Sveinsson (sveinn.sveinsson@vegagerdin.is)

Skipulagsfulltrúi Múlaþings (skipulagsfulltrui@mulathing.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.